

## Lýsing á verkfæri

(til hvers er það ætlað og hvers vegna)

Spurningakönnun um skólarými skólanemenda (S3S) miðar að þátttöku og ígrundun um mögulegar breytingar á rýmum í skólum byggðar á endurgjöf frá nemendum sem nota þau.

Fyrst er farið í greiningu á skólarýmum sem á að endurhanna og er þá lögð áhersla á hreyfingar og aðlögun í rýmum, skilvirka notkun rýmanna og nám. Að því loknu fara rýnihópar yfir og túlka af meiri nákvæmni það sem fram fer í rýminu. Að lokum eru gögnin sem þannig verða til notuð sem grundvöllur að ábendingum um rýmin og mögulegar breytingar, smáar eða stórar, til að bæta þau.

S3S er tól til að bæta rými í skóla með því að fá nemendur til þátttöku. Það ýtir undir þá tilfinningu í hópi nemenda að þeir eigi aðild að hönnunarferlinu og undirstrikar að skoða þarf mögulegar rýmisbreytingar sem aftur geta leitt til þýðingarmikilla umbóta í kennslu og námi.

## Leiðbeiningar um verkfærið

(hvernig á að nota það)

Verkfærið er notendavænt og á að vera auðvelt fyrir skólafolk að beita því eftir þessum leiðbeiningum. Tólið gerir fagfólki kleift að rýna og meta námsumhverfi í eigin skóla og hvernig það styður eða hindrar ferli náms og kennslu.

S3S má fela völdum kennara sem miðlar upplýsingum á milli skólans og nemenda. Ferlið er í tveimur skrefum.

### S3S - Survey on Students School Spaces

Gostaríamos de saber quais os espaços na tua escola que mais frequentas e como lá te sentes.

Importa referir que não existem respostas certas ou erradas, pois queremos apenas saber qual a tua opinião.

A equipa do projecto CoReD agradece desde já a colaboração da escola e da comunidade.



## 1. Spurningakönnun á neti

Fyrri skrefið felst í könnun á neti sem beinist að völdum rýmum í skólanum (t.d. inngangi, íþróttasal og þar fram eftir götum) og er ætluð nemendum. Í könnuninni er spurt um notkun og viðhorf í tengslum við einstök rými og sjónarmið sem varða mögulegar breytingar á þeim.

Metnar eru fimm gerðir rýma:

- útirými
- kennslurými
- les- og námsrými
- matsvæði
- félags- og umferðarsvæði

Kennari byrjar á að velja þýðingarmikil rými, eitt af hverri gerð, til að fjalla um í könnuninni.

Þá er ljósmyndum af þessum rýmum komið fyrir á viðeigandi stöðum í könnuninni.

Leiðbeiningar um hvernig hægt er gera þetta eru á eftirfarandi vefslóð:

<https://www.ncl.ac.uk/cored/tools/school-spaces/>

Nemendur eru svo beðnir að svara könnuninni.



## 2. Rýnihópar


Farið er yfir gögn úr könnuninni, þau greind og notuð sem grunnur að seinna skrefi ferlisins, sem felst í að láta rýnihópa ígrunda og kafa dýpra í niðurstöðurnar.

Rýnihóparnir fara á staðina sem teknir voru fyrir í könnuninni. Þar ræða þeir viðhorf sín og tengsl við hvern þeirra, hvernig þeir nýta rýmin og hvernig á afstöðu þeirra stendur. Leiðbeiningar um hvernig á að stýra hópunum og hvers konar spurninga á að spyrja eru á CoReD-vefnum.

# Leiðbeiningar um verkfærið

(hvernig á að greina niðurstöður)

Lokaskrefið í ferlinu er að kynna niðurstöður úr könnuninni og rýnihópum fyrir skólasamfélaginu og ræða hvort og hvernig koma megi að einhverju marki til móts við þær við hönnun rýma og val á húsbúnaði.



Quando estou neste local \*

	Sempre	Muitas vezes	Algumas vezes	Raramente	Nunca
Uso telemóvel	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Converso sobre as disciplinas	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Converso sobre coisas do dia-a-dia	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Divirto-me com colegas	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Leio	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Estudo ou faço trabalhos	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Interaço com professores	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Gosto de ficar só a pensar nas minhas coisas	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>

Slóðir verkefnisins: <https://www.ncl.ac.uk/cored/>

<https://ec.europa.eu/programmes/erasmus-plus/projects/eplu-project-details/#project/2019-1-UK01-KA201-061954>

Frekari upplýsingar: Carolina Coelho – [carolina.coelho@uc.pt](mailto:carolina.coelho@uc.pt)



Co-funded by the  
Erasmus+ Programme  
of the European Union



UNIVERSIDADE D  
COIMBRA